



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2012

Notkun Raftækjaverslunar Kópavogs ehf. á heitinu Rafkó

I.

Erindið

Með bréfi Rafco ehf. til Neytendastofu, dags. 28. september 2011, er kvartað yfir notkun Alnets ehf. (Raftækjaverslunar Kópavogs) á nafninu Rafkó. Í bréfi Rafco kemur fram að notkun Alnets á nafninu Rafkó brjóti í bága við 2. málsl. 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Forsvarsmanni Alnets hafi verið sent bréf þar sem hann hafi verið beðinn um að láta af notkun nafnsins. Bréfið, dags. 24. ágúst 2011, fylgi kvörtuninni. Þar kemur fram að fyrirsvarsmáður Alnets sé vinsamlegast beðinn um að láta af notkun nafnsins, ella verði málið sent Neytendastofu. Þess skuli getið að í lögum nr. 57/2005 sé heimild fyrir Neytendastofu til þess að leggja á stjórnvaldssektir á þá aðila sem brjóti gegn lögnum. Verði ekki látið af notkun nafnsins Rafkó áskilji Rafco sér rétt til að fara fram á lögbann á notkun nafnsins.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Rafco var sent til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. október 2011. Í bréfinu kemur fram það mat stofnunarinnar að ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005, gæti einnig komið til álita í málinu.

Svar Alnets barst Neytendastofu með bréfi, dags. 25. október 2011. Í bréfinu kemur meðal annars fram að við hefðbundna leit hjá Einkaleyfastofu og Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra hafi ekkert fundist sem hindrað gæti skráningu Rafkó, Raftækjaverslunar Kópavogs, hvorki sem nafn, lén eða vörumerki. Hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra hafi fundist um það bil 400 fyrirtæki sem byrji á orðinu „Raf“. Rafco sé hvorki með heimasíðu né skráð einkaleyfi á nafni sínu né



vörumerki. Rafco sé í allt öðrum rekstri en Alnet og því ekki möguleiki á að rugla saman fyrirtækjum sem sé annars vegar rafvirki og hins vegar smásali á raftækjum á netinu. Nafn verslunarinnar er Raftækjaverslun Kópavogs, skammstafað rafkó og keyri á léninu rafkó.is. Alnet hafi skráð bæði lénin rafkó.is og rafko.is. Rafco hafi ekki auglýst vörumerki eða þjónustu sína eftir 1992 skv. leit á netinu þar með talið Google eða auglýsingaleit Fjölmiðlavaktarinnar. Þá hafi ekki tekist að finna vörumerki Rafco þannig að ekki sé hægt að líkja þeim saman.

2.

Bréf Alnets var sent Rafco til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. nóvember 2011. Svar Rafco barst með bréfi, dags. 11. nóvember 2011. Í bréfinu segir að nafnið Rafkó sé hvorki skráð í Fyrirtækjaskrá né hafi verið sótt um leyfi fyrir nafninu hjá Einkaleyfastofu. Firmaheitið Rafco hafi hinsvegar verið skráð í Fyrirtækjaskrá allt frá árinu 1985. Þá geti stofnun vörumerkjaréttar átt sér stað annað hvort með skráningu vörumerkis hjá Einkaleyfastofu eða notkun þess fyrir ákveðna vöru eða þjónustu, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki. Rafco hafi notað firmaheitið og vörumerkið Rafco í rekstri sínum allt frá árinu 1985. Rafco hafi því sannanlega bæði notað og skráð firmaheiti sitt áður en Alnet byrjaði notkun á nafninu.

Þegar firmaheitið Rafco sé borið saman við nafnið Rafkó sé ljóst að bæði sjón – og hljóðlíking sé til staðar þar sem um sama nafn sé að ræða þó rithátturinn sé örlítið frábrugðinn. Hvað þjónustu- og vörulíkingu varði sé ljóst að aðilarnir séu á skyldum mörkuðum.

Þegar farið sé inn á heimasíðu rafko.is komi upp heitið rafkó.is efst í vinstra horni síðunnar. Í bréfinu vísar Rafco því næst til ákvæða 5. gr., 8. gr. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Samkvæmt f. lið ákvæðisins sé átt við rangar upplýsingar þar sem vísað sé til auðkenna. Með notkun sinni á nafninu Rafkó sé Alnet að nýta sér viðskiptavild eigenda Rafco sem þeir hafi byggt upp með áratugalangri starfsemi sinni. Það blasi við að vegna mikillar merkja- og þjónustulíkingar milli nafnanna sé veruleg hættu á því að neytendur og viðskiptavinir muni tengja fyrirtæki aðilanna við hvorn annan.

Meginreglan, sem liggja til grundvallar framangreindu, sé sú að sá sem fyrstur skrái eða noti ákveðið firmaheiti öðlist einkarétt til notkunar á því. Grunnrökin á bak við þá hugsun að veita tilteknum aðila einkarétt til notkunar á tilteknu auðkenni sé að gera neytendum og viðskiptavinum kleift að aðgreina fyrirtæki hvort frá öðru. Viðskiptavinir tengi ákveðið auðkenni við fyrirtæki og á grundvelli reynslu þeirra af viðskiptum við fyrirtækið taki þeir ákvörðun um hvort þeir vilji eiga frekari viðskipti eða ekki. Uppbygging fyrirtækisins sé kostnaðarsöm og liggja mikil vinna að baki uppbyggingu og öflun viðskiptavildar.



3.

Bréf Rafco var sent Alneti til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. nóvember 2011. Svar Alnets barst með bréfi, dags. 7. desember 2011. Í bréfinu kemur fram að Alnet hafi breytt nafni sínu í Raftækjaverslun Kópavogs ehf. eins og ætlunin hafi verið frá upphafi. Þá liggja fyrir umsókn hjá Einkaleyfastofu um skrásetningu á vörumerkinu Rafkó en hún hafi nýlega verið send inn.

Hafnað sé þeirri fullyrðingu að félögin séu á skyldum mörkuðum. ÍSAT Atvinnugreinaflokkun fyrir Raftækjaverslun Kópavogs sé 47.91.0. Smásala póstverslana eða um Netið og ÍSAT Atvinnugreinaflokkun hjá Rafco sé 43.21.0. Raflagnir, sem sýni að fyrirtækin eru í algerlega ólíkum rekstri og hætta á skörun eða nýtingu viðskiptavildar eigenda Rafco sé ekki til staðar.

Samkvæmt 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé bannað að nota auðkenni á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti og á engan hátt sjáist að hægt sé að ruglast á raftækjaverslun á netinu og rafvirkja.

4.

Með bréfi, dags. 14. desember 2011, tilkynnti Neytendastofa aðilum málsins að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Rafco ehf. yfir notkun Alnets ehf. á heitinu Rafkó. Fyrirtækið hafi notað firmaheitið og vörumerkið Rafco frá árinu 1985. Sjón- og hljóðlíking merkjanna sé mikil sem og vöru- og þjónustulíking. Veruleg hætta sé á því að neytendur og viðskiptavinir tengi fyrirtækin saman. Meginreglan sé sú að sá sem fyrstur skrái eða noti ákveðið firmaheiti öðlist einkarétt til notkunar á því.

Af hálfu Alnets er bent á að Rafco hafi hvorki heimasíðu né skráð vörumerki. Í fyrirtækjaskrá hafi fundist um 400 fyrirtæki sem byrji á orðinu „Raf“. Alnet hafi skráð bæði lénin rafkó.is og rafko.is. Hafnað sé að félögin séu á skyldum mörkuðum. Atvinnugreinaflokkun sýni að fyrirtækin séu í algerlega ólíkum rekstri.

Undir rekstri málsins breytti Alnet ehf. um firmanafn og ber nú heitið Raftækjaverslun Kópavogs ehf. Ljóst er af gögnum málsins að um sama lögaðila er að ræða. Aðili máls verður því hér eftir nefndur Raftækjaverslun Kópavogs.



2.

Í erindi Rafco er vísað til ákvæða 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetingu nr. 57/2005. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Þá vísar Rafco í erindi sínu til ákvæða 5. gr., 1. mgr. 8. gr. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. laga nr. 57/2005.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um



óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í f. lið segir:

„réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi.“

Rafco fékk skráð firmaheitið Rafco hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra árið 1985. Virðist mega leggja til grundvallar að Rafco hafi frá þeim tíma notað firmaheitið til auðkenningar á fyrirtækinu. Raftækjaverslun Kópavogs hefur skráð lénin rafkó.is þann 30. júní 2011 og rafko.is þann 3. maí 2011 hjá lénaskrá ISNIC. Virðist fyrirtækið einnig hafa auðkennt starfsemi sína með heitinu Rafkó frá byrjun starfsemi þess. Að mati Neytendastofu eiga því báðir aðilar tilkall til auðkenna sinna. Ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 kemur þar með til álita í málinu.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Við mat á ruglingshættu er einnig litið til þess hvort fyrirtækin starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Aðilar máls þessa nota heitin Rafkó og Rafco til að markaðssetja vöru og þjónustu sína og er hljóðlíking þeirra alger. Skírskotun þeirra, annars vegar til Kópavogs og hins vegar til enska orðsins company, skilja þau þó að litlu leyti að. Heitin eru bæði samsett og eru ekki almenn orð. Telur Neytendastofa þau hvor á sinn hátt, lýsandi fyrir starfsemi aðilanna

Fyrirtækin sem hér deila bjóða upp á ólíkar vörur og þjónustu. Rafco hefur í Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra atvinnugreinaflokkunina 43.21.0 *Raflagnir*, en Raftækjaverslun Kópavogs hefur atvinnugreinaflokkunina 47.91.0. *Smásala póstverslana eða um netið*. Hefur ekkert komið fram í



málinu sem bendir til annars en að um sé að ræða annars vegar rafvirkjunarfyrirtæki og hins vegar smásöluverslun með raftæki og tölvubúnað á Internetinu. Að mati Neytendastofu þykir því ljóst að fyrirtækin eru ekki keppinautar, þau starfi ekki á sama markaði og gera megi ráð fyrir því að markhópar þeirra séu talsvert ólíkir. Neytendastofa telur starfsemi fyrirtækjanna svo ólíka að ekki sé hættá á því að neytendur telji tengsl vera á milli fyrirtækjanna.

Að sama skapi telst notkun Raftækjaverslunar Kópavogs á heitinu Rafkó að mati Neytendastofu ekki vera villandi og því ekki brot gegn f. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til frekari afskipta af máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 6. mars 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir